



**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson veltir fyrir sér spurningunni sígildu: Hvað er list? **13**



**MENNING** Hönnunarfyrirtækið Spaksmannssþjarir fagnar tvítugs-afmæli í allt sumar. **26**



**SPORT** Handboltamarkvörðurinn Sunneva Einarsdóttir er allt annað en sátt við Stjörnumenn. **20**



Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

**Iceland**

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

10. júní 2013  
134. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Brýnt að rannsaka skipulagsmál

Guðrún Jónsdóttir arkitekt segir sárlega skorta rannsóknir á sviði skipulagsmála í Reykjavík og víðar á landinu **10**

### Uppsýjstrari vill til Íslands

Edward Snowden sem lak gögnum um njósnastarfsemi Bandaríkjanna vill leita pólitískis hælis á Íslandi. **2**

**Meðferð við MS** Ný meðferð við MS-sjúkdómnum getur dregið úr einkennum sjúkdómsins um allt að 75% **4**

**Fólksfjölgun núllar hagvöxt** Innan við eins prósentis hagvöxtur, sem mældist fyrstu þrjá mánuði ársins, núllast ef tekið er tillit til fólksfjölgunar. **8**



Bolungarvík	11°	NA	4
Akureyri	16°	A	3
Egilsstaðir	17°	SA	5
Kirkjubæjarkl.	20°	A	6
Reykjavík	17°	A	6

**Léttir til** og víða bjart eða bjart með köflum eftir hádegi. Fremur hægur vindur víða en strekkingur með S-ströndinni. Hiti 11 til 22 stig. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Brjóstahaldari  
Kr. 3.490.-

Nærbuxur  
Kr. 1.490.-

KRINGLUNNI • SÍMI 512 3200



**RISI Í VANDA** Hellisheiðarvirkjun, stærsta virkjun sinnar tegundar í heiminum, framleiðir nú 30 megavöttum minna en um áramót. Eftir að síðasti áfangi virkjunarinnar var tekinn í notkun er ljóst að vinnslusvæði virkjunarinnar stendur ekki undir fullum afköstum hennar.

# Hellisheiðarvirkjun langt undir væntingum og getu

Vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar stendur ekki undir fullum rekstri hennar. Orkuveitan vill leiða gufu frá Hverahlíð til að tryggja full afköst og tekjur. Uppbygging var of hröð. 30 megavött hafa tapast frá áramótum.

**ORKUMÁL** Rannsóknir á jarðhitasvæðum í Henglinum leiða í ljós að núverandi vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar stendur ekki undir fullri framleiðslu til frambúðar. Þegar hefur verið dregið úr rafmagnsframleiðslu. Frekari vandi er fyrrsjáanlegur ef ekkert er að gert. Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur nú til skoðunar að tengja Hellisheiðarvirkjun við háhitasvæðið í Hverahlíð til að tryggja þannig full afköst virkjunarinnar, og tekjur til næstu ára.

Í gögnum OR, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að bróðurpartur vinnslu Hellisheiðarvirkjunar einskorðast við þröngt svæði og lítið virðist vera að finna utan þess. Vinnslusvæði virkjunarinnar er því minna og ekki eins orkuríkt og talið var.

Undanfarið hafa niðurrennslisholur einnig farið að taka við minna vatni en áður og verði framhald þar á, gæti þurft að draga úr fram-

leiðslu strax á þessu ári. Sá samdráttur bætist við þann vanda sem fyrr var lýst.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, segir að bæta verði við gufu til að halda fullum rekstri til framtíðar. „Það er alveg ljóst. Ef ekkert verður gert mun framleiðslan halda áfram að minnka, jafnvel nokkuð hratt.“

Uppsett afl virkunarinnar er 303 megavött (MW) og framleiddi á fullum afköstum fram til síðustu áramóta. Hún getur í dag mest framleitt 276 megavött. Vísindamenn OR áætla að afköst muni falla um sem jafngildir sex megavöttum á ári að meðaltali. Allt bendir til of hraðrar uppbyggingar virkunarinnar.

Besta leiðin til að viðhalda vinnslu Hellisheiðarvirkjunar er talin að tengja borholur á háhitasvæðinu í Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun með gufulögn, en í Hverahlíð stefndi OR á að byggja næstu stóru jarðhitavirkjun sína.



„Ef ekkert verður gert mun framleiðslan halda áfram að minnka, jafnvel nokkuð hratt.“

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR.

Bjarni segir að miðað við tímaáætlun, að því gefnu að nýtt umhverfismat sé ekki nauðsynlegt, þá myndi gufulögnin komast í gagnið haustið 2014, en stjórn fyrirtækisins hefur ekki tekið ákvörðun um að fara þessa leið. Gróft kostnaðarmat framkvæmdarinnar er hátt í þrjú milljarðar króna, en erfitt er að meta kostnaðinn þar sem hönnun er skammt á veg komin.

- shá / sjá síðu 6

## Gera þarf strangari kröfur um öryggismál í ferðapjónustu segir Landsbjörg: 136 ferðamenn létust á 10 árum

**FERÐAPJÓNUSTA** 136 Íslendingar og útlendingar létust á ferðum sínum um landið á árunum 2000 til 2010. Af þeim létust 77 í umferðarslysum og 31 í útivist eða affreyningu.

„Banaslysum í umferðinni hefur fækkað á undanförunum þremur árum en alvarlegum slysum í umferðinni hefur hins vegar fjölgað. Allir sem koma að ferðapjónustu þurfa að taka höndum saman til að fækka slysum. Grunnstoðirnar í samfélaginu hafa ekki náð að halda í við aukinn fjölda ferðamanna,“ segir



JÓNAS GUÐMUNDSSON

Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Að sögn Jónasar gera núverandi lög og reglugerðir um ferðapjónustu litlar sem engar kröfur um öryggismál þótt Ferðamálastofa sé nýbúin að gefa út leiðbeinandi reglur. „Við erum langt á eftir miðað við þann fjölda ferðamanna sem hingað kemur.“

Undanfarnar vikur hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg uppfært og greint banaslys tengd ferðamennsku síðastliðinn áratug.

- ibr / sjá síðu 2

Staðgreiðum allt gull, silfur, platinum, demanta og vönduð úr.

Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.

Veðlán - Lánum allt að 10 milljónum kr.

www.kaupungull.is - Upplýsingar og tímabantanir: Sverrir s. 661-7000

Tvær nýjar bragðtegundir

✓Kolvetnaskert  
✓Próteinríkt og fitulaust



Skýr.is

SPURNING DAGSINS



Róbert, er þetta áttak runnið undan þínum rifjum?

„Jú, það er féllt en hópurinn samantendur af fólkum sem hefur ráð undir rífi hverju.“

Róbert Þórhallsson er forspraki landssöfnunarátaksins Hjólað til góðs. Í fyrfasum hjólaði hann í kringum landið en brákaðist á rifbeini á ferðalaginu. Hann hyggst endurtaka ferðina í sumar.

29 ára verktaki fyrir NSA lak gögnum um netnjósnir bandarískra yfirvalda:
Uppljóstrari vill hæli á Íslandi

NETFRELSI Breska dagblaðið Guardian birti í gær viðtal við 29 ára Bandaríkjamann, Edward Snowden, en í viðtalinu kemur fram að það var Snowden sem á dögunum lak gögnum í fjölmiðla um umfangsmikla njósna-starfsemi bandarískra stjórnvalda.



EDWARD SNOWDEN

um Bandaríkjana án heimildar frá fyrirtækjunum. Nefnist verkefnið PRISM og leitast NSA við að komast yfir gögn um leitarsögu einstaklinga, tölvapóst, spjallsamskipti og skjöl sem sett hafa verið á netið. Safnar NSA gögnum frá meðal annars Microsoft, Facebook, Google, Yahoo, Skype og Apple. Snowden hefur síðustu ár starf-

af sem verktaki fyrir NSA á Havá en hann hefur nú komið sér fyrir í Hong Kong. Segir Snowden í viðtalinu að bandarísk stjórnvöld muni án efa reyna að fá hann framseldan til Bandaríkjana þar sem hann verði að öllum líkindum ákærður fyrir lekann.

Fyrir vikið er Snowden í leit að landi sem er tilbúið að veita honum pólitískt hæli. Segir hann Ísland efst á sínum lista enda hafi landið orðspor fyrir að hampa netfrelsi.

- mbl

Valdamestu menn heims: Obama og Xi Jinping funda

PALM SPRINGS, AP Valdamestu menn heims, Barack Obama Bandaríkjaforseti og Xi Jinping, forseti Kína, funduðu í samanlagt um átta klukkutíma á föstudag og laugar- dag í opinberri heimsókn Xi til Bandaríkjana. Þar af áttu þeir 50 mínútna fund undir fjögur augu.

Xi tók við embætti í mars síðastliðnum og er þetta fyrsti fundur þeirra Obama. Meðal umræðuefna á fundi þeirra voru kjarnorkuvopnaögn Norður-Kóreu, efnahags- mál og loftslagsmál.

- mbl

Drög að álitum Evrópunefndar: Saksókn gegn Geir gagnrýnd

DÓMSMÁL Pieter Omtzigt, hollenskur nefndarmaður í laga- og mannréttindanevnd Evrópuráðsþingsins um hvenær réttlætun sé að láta stjórn- málamenn sæta refsíabýrgð, hefur skilað inn drögum að skoðun nefndarinnar á málatilbúnaði meðal annars gegn Geir H. Haarde fyrir landsdómi og Júlíu Tímósjenkó í Úkraínu.

Í drögum gagnrýnir Omtzigt harðlega að Geir H. Haarde hafi einn verið ákærður fyrir brot í starfi en ekki meðráðherra hans svo sem bankamálaráðherra. Hann segir enn fremur að Alþingi hafi mistekist að skilja að dómsvaldið og stjórn málin í saksókn gegn Geir.

136 banaslys í ferðamennsku á áratug

Gera þarf meiri öryggiskröfur, segir verkefnisstjóri hjá Landsbjörgu. Margt hægt að gera til að draga úr líkum á slysum en fáir horfa á þá þætti.

FERÐAÞJÓNUSTA Á fyrsta áratug aldarinnar, eða frá 2000 til 2010, létust 136 Íslendingar og útlendingar á ferðum sínum um landið. Af þeim létust 56 prósent í umferðarslysum. „Banaslysum í umferðinni hefur fækkað á undanförunum þremur árum en alvarlegum slysum í umferðinni hefur hins vegar fjölgað. Allir sem koma að ferðaþjónustu þurfa að taka höndum saman til að fækka slysum. Grunnstöðirnar í samfélaginu hafa ekki náð að halda í við aukinn fjölda ferðamanna,“ segir Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Undanfarnar vikur hefur félagið uppfært og greint banaslys tengd ferðamennsku síðastliðinn áratug með gögnum frá Slysaskráningu Íslands, Rannsóknarnefnd umferðarslysa og Hagstofunnar auk gagna Landsbjargar sjálfrar.

Við söfnun gagnanna var miðað við að ferðalag hafi staðið eða átt að standa í að minnsta kosti sól- arhring en einnig var miðað við að viðkomandi hefði stundað einhvers konar afþreyingu í dagsferð, að því er Jónas greinir frá.

„Það má segja að tölurnar séu ansi áreiðanlegar. Ráðist var í þessa vinnu til þess að geta metið betur hvert beina eigi forvörnum og til að meta árangur forvarna.“

Að sögn Jónasar gera núverandi lög og reglugerðir um ferðaþjónustu litlar sem engar kröfur um öryggismál þótt Ferðamálastofa sé nýbúin að gefa út leiðbeinandi reglur. „Gera þarf meiri kröfur, en stundum getur eitt einfalt öryggisatriði breytt




Í LANDMANNALAUGUM Ekki er hægt að finna staðbundna veðurspá fyrir svæðið að Fjallabaki og er það meðal atriða sem draga úr öryggi ferðamanna á Íslandi segir Jónas Guðmundsson.

miklu. Við Seljalandsfoss verður til dæmis fjöldi slysa þegar ferðamenn mætast á stígunum umhverfis fossinn sem er moldardrulla og grjótt. Ef ákveðið væri að allir gengju réttssælis þyrfti fólk ekki að vika og stíga til hliðar. Slíkt gæti komið í veg fyrir slys. Það er margt sem hægt er að gera til að draga úr líkum á slysum en fáir horfa á þá þætti. Við erum langt á eftir miðað við þann fjölda ferðamanna sem hingað kemur. Fjallabak er vinsæl leið og þangað koma líklega 150 til 200 þúsund manns á sumri. Það er hins vegar ekki hægt að finna staðbundna veðurspá fyrir svæðið. Menn verða að draga ályktanir frá veðurstöðvum lengra í burtu.“

ibs@frettabladid.is

LÁTINIR FERÐAMENN Á LANDINU 2000-2010



KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR Samkvæmt lögum skal hlutfall hvors kyns vera að lágmarki 40% í nefndum á vegum hins opinbera.

Kynjahlutföll í nefndum: Alþingi brýtur jafnréttisög

JAFNRÉTTISMÁL Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, segir kynjahlutföll í nefndum Alþingis ekki í samræmi við lög. Samkvæmt jafnréttisögum skal hlutfall kynja í nefndum á vegum hins opinbera ekki vera lægra en 40%.

Kristín ræddi við Ríkissjórnvarpið um nefndir Alþingis í gær og sagði að Jafnréttisstofa myndi gera formlega athugasemdir við stöðuna.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er hlutfall karla í nefndum Alþingis 61% en hlutfall kvenna 39%. Þá er engin kona í efnahags- og viðskiptanevnd þingsins og aðeins ein í utanríkis- málanevnd.

VIÐSKIPTALÍF

Fjórar konur í stjórn

Á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða 31. maí voru fjórar konur kjörnar nýjar í stjórn samtakanna, Bryndís Hlökkversdóttir, Heiðrún Jónsdóttir, Kristbjörg Stephensen og Ásgerður Pálsdóttir. Gunnar Baldvinsson og Haukur Hafsteinnsson voru endurkjörnir formaður og varaformaður.

Mikill verðmunur á áfengi: Yfir 400% álagning á víni

NEYTENDUR Yfir 400% verðmunur reyndist vera á verði fimm tegunda af víni þegar borið er saman útsöluverð í ÁTVR og verð á veitingastöðum. Þetta kom fram í verðkönnunum sem Stöð 2 gerði á ellefu léttvínstegundum. Borið var saman útsöluverð í ÁTVR og verð á nokkrum veitingastöðum. Lægsta álagningin var á Brolio Chanti Classico eða 194%. Um og yfir 400% álagning var hins vegar á fimm tegundum. Hæst var álagningin á hvítvíni sem ber heitið Dr. Loosen Wehlener Sonnenuhr eða 411%.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, sagði í samtali við Stöð 2 að álagning veitingahúsanna væri ósiðleg og hvatti neytendur til að láta í sér heyrna.

Advertisement for HEYRNARSTÖÐIN featuring a hand holding a sign that says 'ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!' and the text 'Leggðu nú við hlustir!'.

Loksins sumar



SUMAR Á SIGLÓ Það fór vel um hollensku hjónakornin Frits og Anniku þar sem þau hvíldust í sumar- blíðunni í miðbæ Siglufjarðar í gær. Þau eru á mánaðarlöngu ferðalagi á húsbíl sínum, en þau komu fyrir tæpum þremur vikum með Smyrli til Seyðisfjarðar. Þau segjast afar hrifin af landi og þjóð. Landið hafi upp á mikla náttúrufræguð að bjóða og þá voru þau afar ánægð með að komast í tæri við snjóinn í Fljótnum, en þar er eins og kunnugt er búið að vera afar snjóþungt í vor. Sól er spád um land allt í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# TAKK ÓLI

takkoli.is

Fyrsti landsleikur  
17. okt. 1992

Síðasti landsleikur  
16. júní 2013

Íþróttamaður ársins  
2002-2003-2008-2009

Fjöldi leikja  
329

Fjöldi marka  
1.571



## ÞÖKKUM ÓLA á takkoli.is

Ólafur Stefánsson er mesti afreksmaður í handknattleik sem Íslendingar hafa eignast. Hann lýkur landsliðsferlinum í Laugardalshöllinni sunnudaginn 16. júní nk. þegar Ísland mætir Rúmeníu í undankeppni Evrópumótsins 2014.

Nú er við hæfi að við þökkum „stráknum okkar“ fyrir hans framlag. Segjum „takk“ fyrir allt stoltið sem við höfum fundið til vegna afreka landsliðsins á undanförunum árum og allar gleðistundirnar.

Á vefsíðunni [www.takkoli.is](http://www.takkoli.is) getur þú sent Óla kveðju á textaformi, á Twitter, með Instagram-mynd eða bara hreinlega smellt og sagt:

Takk Óli!

  #takkoli

 Arion banki

SVONA ERUM VIÐ



**682 tonn var uppskeran af íslenskum gulrótum í fyrra.**

Ef reiknað er með því að meðalþyngd gulróta sé um 80 grömm þýðir þetta að um 8,5 milljónir gulróta hafi verið teknar upp á Íslandi og seldar á síðasta ári.

Heimild: Hagstofa Íslands

# Rannsóknir langt komnar á nýrri, byltingarkenndri læknismeðferð á MS sem veikir ekki ónæmiskerfið: Árangursrík meðferð við MS-sjúkdómnum

**VÍSINDI** Vísindamenn við Northwestern-háskólann í Chicago hafa lokið fyrri hluta tilrauna á nýrri meðferð við MS-sjúkdómnum sem getur dregið úr einkennum sjúkdómsins um allt að 75%.

MS-sjúkdómurinn hefur áhrif á miðtauga-kerfi líkamans. Hann veldur því að ónæmiskerfið ræðst að einangrandi efni sem heitir mýelín og umlykur taugafrumur í mænu,



STEPHEN MILLER

heila og sjónaug. Það veldur því að taugafrumurnar geta ekki miðlað rafboðum með fullnægjandi hætti og það veldur sjúkdómseinkennum. Í alvarlegustu tilfellunum getur sjúkdómurinn valdið lómun.

Stephen Miller, prófessor við Northwestern-háskóla, segir að nýja meðferðin stöðvi ónæmisviðbrögðin og komi í veg fyrir að nýjar ónæmisfrumur ráðist á mýelín. „Þá er okkar

## 430

Íslendingar hafa greinst með MS-sjúkdómnum

nálgun þess eðlis að ónæmiskerfið starfar eðlilega. Það er stóra málið sem aðrar meðferðir hefur skort,“ segir hann.

Nýja meðferðin snýst um að nota hvít blóðkorn MS-sjúklinga til að lauma milljörðum mýelín-mót-

efnisvaka inn í líkama þeirra. Þar sem vakarnir koma inn í líkamann með blóðkornunum ræðst ónæmiskerfið ekki að þeim og myndar að lokum þol gagnvart þeim. Meðferðin hefur því ekki sama ókost og aðrar meðferðir sem bæla niður virkni ónæmiskerfisins og gera MS-sjúklinga þar með berskjaldaða fyrir öðrum sjúkdómum.

Um 430 Íslendingar hafa greinst með MS og er MS-félag Íslands starfrækt til að vinna að velferð þessa fólks.

- mþl



**TVÆR Á VAKTINI** Þær Kristín Eva og Birna stóðu vaktina hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tímamót hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins:

## Fyrsta sinn sem tvær konur eru saman í sjúkraflutningum

Tvær konur aka saman sjúkrabíl hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í sumar og eru þær fyrstu tvær konurnar í sögu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem það gera. Þær Kristín Eva Sveinsdóttir og Birna Björnsdóttir segja ekki alla reikna með því að konur sinni starfinu og fá stundum að heyra að strákarirnir séu mættir þegar þær koma á svæðið.

Birna Björnsdóttir er eina fastráðna konan í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í dag en Kristín Eva er sjúkraflutningamaður í afleysingum í sumar. „Ég hvet allar konur sem hafa áhuga til að koma sér í form og sækja um. Maður þarf að vera vel á sig kominn til að ná inntökuþrófinu en það er ekki óyfirlýgt,“ segir Birna.

- lvp

### LANDBÚNAÐUR

#### 25 milljónir í heykaup

Norðlenskir bændur hafa í vetur keypt hey fyrir um 25 milljónir króna. Í viðtali við Bændablaðið áætla Benedikt Hjaltason verktaki, sem annast hefur heyflutninga, að búið sé að flytja um 2.000 til 2.500 rúllur af heyi af Suður- og Vesturlandi á Norðurland.

### LEIÐRÉTT

Myndir af Völu Höskuldsdóttur og Sigríði Eir Zophaníasdóttur víxluðust á baksíðu Fréttablaðsins á laugardag. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Læknakandidatar ósáttir:

## Kjarasamningar verði virtir

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkoma og skortur á samstarfsvilja Landspítala hefur haft þær afleiðingar að þorri kandidata er farinn að íhuga að ljúka kandidatsárinu annars staðar en á spítalanum. Þetta segir í yfirlýsingu læknakandidata sem þeir sendu frá sér á laugardagskvöld. Kandidatarirnir vilja meðal annars að kjarasamningar verði virtir og námstækifæri tryggð. - hv

# Kínversk borg byggð í Hvíta-Rússlandi

Stjórnvöld í Kína og Hvíta-Rússlandi hafa náð samkomulagi um uppbyggingu 150 þúsund manna borgar sem er hugsuð sem stökkpallur inn í Evrópu fyrir kínversk fyrirtæki. Þannig vilja stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi koma hagkerfi sínu af stað á ný.

**HVÍTA-RÚSSLAND** Kínversk ríkisfyrirtæki munu á næstunni hefja uppbyggingu á borg í skóglendi nærri Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands. Hugmyndin er að nota borgina sem stökkpall fyrir kínverska framleiðendur sem vilja hasla sér völl í Evrópu. „Þetta er algjörlega einstakt verkefni,“ sagði Gong Jianwie, sendiherra Kína í Hvíta-Rússlandi við fréttastofu Bloomberg. „Íðnaðarsvæðið í borginni mun ekki eiga sinn líka í Evrópu.“

Alexander Lukashenko, forseti Hvíta-Rússlands frá 1994, hefur samþykkt áformin og hefur svæði á stærð við eina og hálfan Manhattan-eyju verið eyrnamerkt framkvæmdunum. Stendur til að byggja þar stórt iðnaðarsvæði og húsnæði fyrir 155 þúsund manns. Er áætlað að framkvæmdirnar kosti jafngildi 610 milljarða króna og lýkur ekki fyrr en árið 2030.

Í Hvíta-Rússlandi búa 9,5 milljónir manns en það er í hópi fátækustu ríkja Evrópu. Þá hefur landið glímt við efnahagsferfiðleika síðustu ár og þurft að leita á náðir Alþjóðagjaldveyrissjóðsins. Hefur stjórn Lukashenkos því ákaft leitað eftir kínversku fjármagni til þess að koma hagkerfinu aftur af stað.

Þá hafa stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi leitað eftir nánara samstarfi við ríki utan Evrópu eftir að Evrópusambandið (ESB) herti refsiaðgerðir gegn landinu árið 2010. Reyndi ESB þannig að bregðast við fangelsun pólitískra andstæðinga Lukashenkos. Kallaði Guido West-



erwelle, samkynhneigður utanríkisráðherra Þýskalands, Lukashenko þá síðasta einræðisherra Evrópu en Lukashenko svaraði á þá leið að hann vildi frekar vera einræðisherra en samkynhneigður.

Á iðnaðarsvæðinu munu kínversk fyrirtæki geta komið sér fyrir í aðeins 275 kílómetra fjarlægð frá landamærum ESB-ríkja. Þá munu þau hafa tollfrjálsan aðgang að mörkuðum Rússlands og Kasakstans.

Borgin er markaðssett undir nafninu „Hin nútímalega borg Evr-

asíu.“ Hún verður byggð við hraðbraut sem tengir saman Moskvu og Berlín en fer í gegnum Hvíta-Rússland og Pólland. Þá verður byggð hraðlest milli alþjóðaflugvallarins í Minsk og borgarinnar.

Kínversk stjórnvöld fjármagna uppbygginguna á hagstæðum kjörum en samkvæmt samkomulagi skal helmingur kostnaðar hið minnsta koma til vegna kaupa á kínversku aðföngum. Þá munu þau kínversku fyrirtæki sem koma sér upp starfsstöð í borginni fá ríflega skattaafslætti. magnusl@frettabladid.is

**NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS**

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

## Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

OPÍÓ MÁN-FÖS 8.30-18 og LAU 10-14      APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

**HLÝTT Í DAG** víða um land og bjart þegar á daginn líður. Næstu daga er væta í kortunum sunnanlands en vestan til skiptast á skin og skúrir. Á norðausturhorninu verður þurr en misbjart næstu dagana.

**Á morgun**  
Strekkingur með suðurströndinni annars hægari.

**Miðvikudagur**  
Strekkingur með SA-strönd annars hægari.

Alicante 26°	Berlín 23°	Friedrichshafen 19°	Las Palmas 23°	New York 21°	París 21°
Apéna 30°	Billund 21°	Gautaborg 18°	London 19°	Orlando 31°	San Francisco 16°
Basel 22°	Frankfurt 19°	Kaupmannahöfn 18°	Mallorca 26°	Ósló 21°	Stokkhólmur 19°

**Ingibjörg Karlsdóttir**  
veðurfréttamaður



NÝJA SMART LED TV 8000 línan frá Samsung

SAMSUNG



# Topplínan frá Samsung 8000 línan er komin í hús.

Sjónvörpin frá Samsung eru einstök og í algjörum sérklassa.

SAMSUNG SETRIÐ

Samsung

SMART TV

The Future of Smart TV, Now



**Lækkum verð  
um þriðjung (33%)  
á öllum barnafatnaði og barnaskóm**



**33%  
AFSLÁTTUR**  
af öllum  
barnafatnaði og  
barnaskóm  
7.-10. júní

**Síðasti séns í dag!**

**Skorum á nýja ríkisstjórn að efna  
kosningaloforðin og endurskoða skatta og  
gjöld á barnafatnaði og barnaskóm!**


**Það er aukinn kaupmáttur!**



**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## Heitasti staðurinn í sumar!



Á ferð um Norðurland er upplagt að koma við á háhitavæðinu við Kröflu og kynna brautryðjendaverkefni í vinnslu jarðvarma. Gestastofan er opin alla daga og það er alltaf heitt á könnunni.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá kl. 10–17 alla daga í sumar:

**Kröflustöð:** Jarðvarmasýning í gestastofu

**Búrfellsstöð:** Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu

**Fljótdalsstöð:** Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka

Nánari upplýsingar á [www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)



**FRAMKVÆMD-IR** Hagstofa Íslands hefur birt hagvaxtarmælingu með bráðabirgðatölum frá 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


## Fólksfjölgun núllar út þann litla hagvöxt sem mældist á fyrsta ársfjórðungi: Enginn hagvöxtur í byrjun ársins

**EFNAHAGSMÁL** Innan við eins prósentu hagvöxtur, sem mældist fyrstu þrjú mánuði ársins, núllast ef tekið er tillit til fólksfjölgunar. Þetta kemur fram í samantekt Greiningar Íslandsbanka.

„Á fyrsta fjórðungi ársins var 0,8 prósentu hagvöxtur. Hefur hagvöxtur ekki mælst minni síðan á þriðja fjórðungi 2010, það er síðan hagkerfið fór að taka við sér eftir samdráttinn sem varð í kjölfar bankahrunsins 2008,“ segir í umfjöllun Greiningar. „Ef tekið er tillit til fólksfjölgunar sem var 0,8 prósent á sama tímabili stóð verg landsframleiðsla í stað að raungildi.“ Hagvöxtur hafi verið núll prósent.

Tölurnar eru sagðar undirstrika það sem fram hafi komið í nýlegum þjóðhagsspám, að dregið hafi úr hagvexti og útlit sé fyrir að hann

### PRÓUN HAGVAXTAR FRÁ ÁRSBYRJUN 2009




verði hægur í ár. „Þannig spáum við í þjóðhagsspá okkar sem birt var í þessari viku að hagvöxtur verði 1,2 prósent í ár eftir 1,6 prósentu hagvöxt á síðasta ári og 2,9 prósentu hagvöxt á árinu 2011.“

Að sögn Greiningar renna

tölur um hagvöxt, minni einkaneyslu og samdrátt í fjárfestingu og eftirspurn stöðum undir spá um að Seðlabankinn haldi stýrivöxtum óbreyttum þegar kemur að vaxtaákvörðun um miðja næstu viku.

- óká



## Erfðir og brjóstakrabbamein

Þriðjudagur, 11. júní, kl. 16.30–18.30

Málþing haldið á vegum samtakanna Göngum saman, Krafts og Samhjalpar kvenna í samvinnu við læknaeild Háskóla Íslands

- **Staðsetning:** Háskólatorg Háskóla Íslands, salur 102.
- **Fundarstjóri:** Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman.
- **Inngangsorð:** Magnús Karl Magnússon, prófessor og varaforseti læknaeildar.

Stuttir fyrirlestrar (15 mín. hver):

- **Hvað eru BRCA-gen?** Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við læknaeild HÍ.
- **BRCA-gen á Íslandi.** Upplýsingar Íslenskrar erfðagreiningar. Kári Stefánsson, forstjóri ÍE.
- **Erfðaráðgjöf og brjóstakrabbamein.** Hvað er gert ef stökkbreytingar greinast? Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi við erfðaráðgjöf LSH.
- **Hvað eigum við að gera við þessar upplýsingar?** Salvör Nordal, forstöðumaður siðfræðistofnunar.
- **Pallborðsumræður** með þátttöku sjúklinga, fræðimanna og fleiri aðila.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

[www.hi.is](http://www.hi.is)





Skagen  
302.110,-

Leiðb. útsöluverð á við um skápa, sökkla, og borðplötu fyrir kr. 1,-. Með lúxusskúffum. Vaskur, blöndunartæki, heimilistæki og ljós fylgja ekki.



Borðplatan  
kostar aðeins

1\*  
,-

# Nýtt eldhús þarf ekki að kosta milljón

Í 30 ár hefur takmark Kvik verið að vera alltaf í fremstu röð með glæsilega danska hönnun á óvenju lágu verði.

Líttu við í nýjan sýningarsal okkar og fáðu faglega ráðgjöf hönnuða okkar. Þú ert í öruggum höndum frá hugmynd að veruleika.

**kvik**   
...smart in Danish

**Kvik Reykjavík: Suðurlandsbraut 16, Sími 5880500**

\*Gildir við kaup á heilli eldhúsinnréttingu til 16. júní 2013.

Gildir fyrir öll plasthúðuð plötuefni í vörulista Kvik.

Má ekki samnýta öðrum tilboðum.

## BREIÐHOLTIÐ MUN BREYTAST Á NÆSTU TÍU ÁRUM OG FASTEIGNAVERÐ HÆKKA



**HVERFIÐ PRÓAST** Gísli telur að Breiðholtið verði dýrara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég hef spáð því í nokkurn tíma að Breiðholtið muni breytast mikið á næstu tíu árum. Ég hugsa að hingað muni flytjast fólk sem blóskrar íbúðaverð vestar og langar að gera eitthvað sniðugt,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi og Breiðhyllingur. Hann segir margt benda til þess að þróunin hér verði eins og í borgarhverfum víða erlendis.

„Hingað mun koma ungt og flott fólk sem verða ákveðnir „trendsetterar“ og gera spennandi hluti hérna eins og opna búðir sem selja lífrænt, koma með borgargarðyrkju og þess háttar. Hér er fasteignaverð lágt, hverfið er vel skipulagt, Hólabrekkuskóli og Fellaskóli eru yfirburðagóðir skólar og allir innviðir hverfisins eru mjög sterkir,“ segir hann og undirstrikar að með þessu muni fasteignaverð vissulega hækka í

hverfinu, sem segi sig sjálf ef það verður vinsælla.

Gísli ólst upp í Hólunum og gekk í Hólabrekkuskóla. Hann segist vera Breiðhyllingur í húð og hár og ber enn sterkar taugar til hverfisins. Hann gerir sér þó grein fyrir því að vandamálin hafi verið meiri í Breiðholti en víða annars staðar og telur að mistökin hafi gerst í byrjun, þegar heilu blokkirnar voru byggðar undir félagslegar íbúðir.

„Það er of hátt hlutfall af félagslegum íbúðum í Fellahverfi en það var byggt á þeim tíma sem menn héldu að það væri góð hugmynd að gera það svoleiðis,“ segir hann. „Samt var blöndunin góð að mestu leyti, þótt það hafi auðvitað verið mesta veseníð í Fellahverfinu og ég tel að borgin eigi að reyna að dreifa íbúðum meira um borgina, enda er það stefnan núna. En það

tekur tíma því það eru ekkert voðalega mörg ár síðan stjórnvöld byrjuðu að snúa þessu olfuskipi í þá átt og það er erfið.“

Varðandi ímynd síns gamla hverfis segir hann að hún hafi breyst til batnaðar á síðustu tíu árum. Fjölmíðlar hafi á tímum verið afar uppteknir af því sem gerðist í Breiðholti og fréttir af ólátum í strætóferðum Breiðhyllinga um helgar voru tíðar. Ímyndin hafi þó breyst til batnaðar.

„Ég hitti reyndar fólk enn sem hefur fordóma gangvart hverfinu eða hreinlega hefur aldrei komið hingað,“ segir Gísli. „En eftir því sem fleiri koma, eftir því sem Leikni gengur betur í fótbolta, eftir því sem fleiri krakkar standa sig vel í samfélaginu sem hafa alist upp hérna breytist ímyndin hér til hins betra. Breiðhyllingar eru að taka völdin smám saman.“

“ Breiðhyllingar eru að taka völdin smám saman.

# Brýnt að rannsaka skipulagsmálin

Guðrún Jónsdóttir arkitekt er 78 ára gömul og á að baki glæstan feril. Hún er ein þeirra sem áttu hvað mestan þátt í að skipuleggja Seljahverfið í Breiðholti og notaði til þess margar nýstárlegar aðferðir. Hún segir sárvanta rannsóknir á sviðum skipulagsmála í borginni.

Sunna Valgerðardóttir  
sunna@frettabladid.is



Guðrún Jónsdóttir arkitekt er konan sem tók hvað mestan þátt í því að skipuleggja Seljahverfið í Breiðholti á sínum tíma. Hún starfaði þá á Teiknistofunni Höfða en var yfir verkefnum sem borgin fól henni til að búa til nýtt og fjölbreyttara íbúahverfi í Breiðholti í kring um 1970. Bakkarnir og Fellin voru þá nokkurra ára gömul.

## Ráðfærðu sig við sálfræðinga

Guðrún notaði fjölmargar nýstárlegar aðferðir við þróun sína á hverfinu sem höfðu ekki verið notaðar áður. Hún myndaði til dæmis samráðshóp með ýmsum sérfræðingum; félagsfræðingum, sálfræðingum, landslagsarkitektum, læknunum, þjóðfélagsfræðingum sem og verðandi íbúum hverfisins, til að fá sem víðasta mynd af því sem gera þurfti í skipulagsmálunum.

„Við töldum að arkitektar væru ekki til þess menntaðir til að annast alla þætti sem koma að skipulags- og félagsmálum. Það skipti sköpum í þessu,“ segir hún. „Við sáum að það voru margir hlutir sem þurfti virkilega að ræða. Við lögðum áherslu á að hafa samsettari svæði heldur en í öðrum hverfum Breiðholts, en það vantaði gífurlega rannsóknir um allt sem viðkom skipulagsmálum. Var til að mynda rétt að aðskilja alla niður í hópa? Að börn séu einn hópur, unglingar annar, foreldrar sér og eldra fólk enn annar. Var rétt að öllu skipulaginu var velt yfir í það? Vorum við ekki að glata einhverju með

þessu háttalagi og slíta fjölskylduna í sundur?“

## Allar gerðir kjarnafjölskyldna

Guðrún lagði mikla áherslu á fjölskylduna í skipulagningu Seljahverfisins og tók til greina öll þau fjölskyldumynstur sem voru til staðar, þótt hin „dæmigerða kjarnafjölskylda“ væri vissulega algengust á þessum tíma.

„Við hugsuðum um allan skalann af kjarnafjölskyldum; sem byrjar á því að kaupa sér blokkaríbúð, færir sig svo yfir í raðhúsið og svo ef ofsalega vel gengur færir hún yfir í einbýlishús. Það er það sem við sáum að var að gerast á öðrum svæðum,“ segir Guðrún.

## Íbúar hafðir með í ráðum

Seljahverfið átti að verða svokallaður svefnbær, það er sú hugmynd að öllu sé skipt upp og til verði sérstök íbúðasvæði þar sem lágmarksþjónusta sé en vinna íbúa, verslun og stofnanir séu annars staðar. Guðrún vildi bregða út af þeirri hugmynd og lagði því fram ítarlegar tillögur að breytingum á hverfinu.

„Við settum fram tillögu í samráði við íbúana sem ætluðu að byggja í hverfinu og fengum þá til viðtals á yfir tuttugu fundum. Þetta var mjög ánægjulegt þar sem þetta endaði í fullbúnum teikningum,“ segir hún. „Þau ákváðu sjálf hvar stofan átti að vera og svo framvegis eftir að þeim var úthlutað fermetrum. En þetta hefur ekki verið gert eftir þetta og það hefur ekki fengist staðfest hvornig þetta gekk því hér eru engar rannsóknir til.“

## Rannsóknir skortir sárlega

Að mati Guðrúnar skortir sárlega rannsóknir á sviði skipulagsmála í

“ Við lögðum áherslu á að hafa samsettari svæði heldur en í öðrum hverfum Breiðholts, en það vantaði gífurlega rannsóknir um allt sem viðkom skipulagsmálum.

Reykjavík og víðar á landinu.

„Það er þáttur sem hefði svo sannarlega þurft hér í Breiðholti. Þess vegna er ekkert skrítíð að ýmis félagsleg vandamál komi upp í þessum hverfum því það er ekki gert ráð fyrir því að fólk verði hér frá vöggu til grafar heldur aðskilið niður í þrönga hópa,“ segir hún. „Lengi vel var þetta allt of einsleitur hópur sem fluttist í hverfið og það er virkilega stórmál sem þyrfti verulega að taka á.“

## Heldur að fólkinu líði vel

Spurð um tilfinningar í garð þessa sköpunarverks síns í dag segist hún vera ánægð þegar upp er staðið.

„Ég keyri stundum þarna um og ég held að við höfum náð árangri í ýmsum málum; það er mikið af gördum og leiksvæðum og stígakerfið er nokkuð gott,“ segir hún. „En útfærslurnar og framkvæmdin er víða mjög slöpp, en það stafar af því að það þarf að fylgja hugmyndunum eftir. Ég tel mig hafa bent á margt sem mér finnst rétt og ég er sömu skoðunar í dag. Ég held að minnsta kosti að fólki líði vel þarna, en það þarf auðvitað rannsóknir til að staðfesta það.“

► Á MORGUN ÍMYND BREIÐHOLTS



**NAUÐSYNLEGT AÐ FYLGJA HUGMYNDUM EFTIR** Guðrún keyrir stundum um Seljahverfið, sem hún átti svo stóran þátt í að skapa. „Ég held að við höfum náð árangri í ýmsum málum; það er mikið af gördum og leiksvæðum og stígakerfið er gott. En útfærslurnar og framkvæmdin er víða mjög slöpp, en það stafar af því að það þarf að fylgja hugmyndum eftir,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fitulítill og próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is



# Veði LAGERINN outlet

MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS

2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



SÖKKENDAR Á HÁLFVIRÐI

VEIÐIVESTI

FRÁ  
1.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ  
299,-

ÓDÝRT!



SPÚNAR

Frábært úrval.



ÓDÝRT!

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA  
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ  
14.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



AÐEINS  
12.995,-

ÓDÝRT!

DAM TASLAN VÖÐLUR



AÐEINS  
16.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON  
NEOPRENVÖÐLUR



VERÐ FRÁ  
4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



FLUGUHJÓL

Gott úrval.

AÐEINS FRÁ  
9.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



VATNSHELDIR  
VEIÐIJAKKAR

20% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ



VEIÐISTANGASETT

Mikið úrval. 20% afsláttur.

VERÐ FRÁ  
1.995,-

ÓDÝRT!

VEIÐITÖSKUR

- á góðu verði



VERÐ FRÁ  
2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



KASTHJÓL

- í miklu úrvali.

AÐEINS  
9.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON  
BARNAVÖÐLUR



VERÐ FRÁ  
8.995,-

LÆKKAÐ VERÐ

VÖÐLUSKÓR

Ýmsar gerðir.



ZPEY FLUGUSTANGIR OG PAKKAR

30 TIL 50% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ

AÐEINS  
3.895,-

ÓDÝRT!



VEIÐIKASSAR

Bleikir, bláir og grænir.

FRÁ  
4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ

KASTSTANGIR


Mikið úrval!

LÆKKAÐ VERÐ




FLUGUSTANGIR Á HÁLFVIRÐI

Mikið úrval!



FRÁBÆRT VERÐ  
895,-

ÓDÝRT!



LETINGJAR

KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16

SJÁÐU TILBOÐIN Á



Þrjátíu megavött hafa tapast frá áramótum:

## Skítareddingar Orkuveitunnar

Vísindamenn Orkuveitu Reykjavíkur áætla að afköst Hellisheiðarvirkjunar muni minnka um 2,3 prósent á ári næstu árin. Það jafngildir sex megavöttum en á fullum afköstum framleiðir virkjunin rétt um 300 megavött. Þetta kemur fram í gögn- um frá Orkuveitunni sem Fréttablaðið hefur undir höndum og birtir ýtarlega fréttaskýringu um í blaðinu í dag.

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, segir að virkjunin þurfi meiri gufu ef halda eigi fullum rekstri. Hans tillaga er að tengja Hellisheiðarvirkjun við háhitasvæðið í Hverahlíð með tilheyrandi kostnaði og umhverfisraski. „Ef ekkert verður að gert mun framleiðslan halda áfram að minnka, jafnvel nokkuð hratt,“ segir Bjarni.

Þessi tíðindi öll eru sláandi og málið risavaxið. Síðasti áfangi Hellisheiðarvirkjunar, svokallaður fimmti áfangi, kostaði um tuttugu og fimm milljarða. Þeirri framkvæmd lauk 2011 og stórkjóm framleiðslugetu virkjunarinnar. Sjálf Hellisheiðarvirkjun hefur þegar kostað vel yfir hundrað milljarða og gufulögn frá Hverahlíð myndi kosta minnst þrjá milljarða. Svo ekki sé minnst á þá staðreynd að við höfum enga vinnsluögu í Hverahlíð, ekki frekar en við höfðum á Hellisheiði, og því vitum við í raun ekkert hverju við eigum von á.

Að leggja lögn frá Hverahlíð hljómar eins og hver önnur skítaredding. Staðreyndin er sú að alltof hratt var farið í uppbyggingu Hellisheiðarvirkjunar. Forstjórinn er sammála því:

„Það hefur alltaf verið mín skoðun, og það er ekkert nýtt, að það hefði átt að byggja Hellisheiðarvirkjun í áföngum. En í mínum huga skiptir það ekki máli í dag. Virkjunin er þarna og ég er að leita að lausnum. Það er mitt starf,“ segir hann í Fréttablaðinu í dag.

Gott og vel. Bjarni kemur hreint fram og er heiðarlegur í leit sinni að lausnum. Við skulum samt ekki stökkva á neinar skyndilausnir. Vandamálið er stórt og það þarf að leysa. Við förum alltof geyst og fyrsta skref ætti að vera að hætta því. Græðgin má ekki bera skynsemina ofurlíði en það hendir okkur alltof oft hér á litla Íslandi.

Fyrir skömmu fengum við fréttir af því að áhrif Kárahnjúkavirkjunar á lífríki og umhverfi Lagarfljóts séu mun meiri en öll reiknilíkon Landsvirkjunar gerðu ráð fyrir. Þar er ekki bara átt við lífríkið sem vá steðjar að heldur eru einnig bújarðir og minjar í hættu vegna þess að vatnsmagníð í Lagarfljóti er meira en reiknað var með.

Við eigum að geta gert miklu betur og í þessum efnun er best að fara sér hægt. Bæði eru fyrir því sterk umhverfis- sjónarmið og efnahagsleg rök. Við förum of hratt af stað í Hellisheiðarvirkjun og sjáum ekki fyrir endann á því hvað það kemur til með að kosta okkur.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## ERKITÖFFARINN SJÁLFUR JACK REACHER

Ný kilja

LEE CHILD  
RUTT ÚR VEGI

www.forlagid.is – alvöru bókaúð á netinu

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Lifir umhverfisráðuneytið?

Þegar ráðherraskipting nýju ríkisstjórnarinnar var gerð ljós furðuðu margir sig á því að sami ráðherrann væri látinn gegna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu. Töldu ýmsir að þarna væri gert lítið úr mikilvægi umhverfismála og var því velt upp hvort til staði að leggja umhverfisráðuneytið niður. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var óánægður með þessa gagnrýni og ritaði fyrir viku síðan grein undir titlinum „Að berjast við eigin fuglahræður“ þar sem hann mótmælti því af nokkrum krafti að til staði að leggja umhverfisráðuneytið niður. Það kom því nokkuð á óvart að heyrna í

gær viðtal við Sigurð Inga Jóhannsson umhverfisráðherra þar sem hann velti upp einmitt þeirri spurningu hvort hægt væri að leggja ráðuneytið niður.

#### Gistingarskattinn burt

Ríkisstjórnin mun strax á sumarþingi leggja fram frumvarp þess efnis að fallið verði frá ráðgerðri hækkun virðisaukaskatts á gistingu úr 7% í 14% sem vinstri stjórnin kom í gegn. Ríkisstjórnin hafði boðað þetta í stefnufyrirséðingu sinni og hyggst standa við stóru orðin án tafar. Fyrirtæki í ferðapjónustu anda væntanlega léttar.

#### Jöfnun neytluskatta?

Í stefnufyrirséðingu sinni leggur ríkisstjórnin nokkra áherslu á einföldun skattkerfisins. Þá er boðað að neytluskattar, en þeirra fyrirferðarmestur er virðisaukaskatturinn, verði jafnaðir. Nú er 25,5% skattur lagður á flestar vörur og þjónustu en 7% skattur á nokkra sérvalda vöru- og þjónustuflokka, þar á meðal gistingu. Erfitt er að skilja markmið ríkisstjórnarinnar öðruvísi en svo að til standi að draga úr þessari þrepaskiptingu og leggja sama skattinn á allar eða langflestar vörur. Því er aldrei að vita nema Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, muni seinna á kjörtímabilinu hækka einmitt þann skatt sem ríkisstjórnin vill núna að hækki ekki.

magnus@frettabladid.is

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Opið bréf til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra

#### HEILBRIGÐIS- MÁL



Kristín Elva Viðarsdóttir formaður Félags sálfræðinga á Norður- og Austurlandi

Virðulegi heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson.

Sálfræðingar á Norður- og Austurlandi hafa miklar áhyggjur af stöðu mála í geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga á svæðinu. Eins og vitað er hefur enginn barna- og unglingsgeðlæknir verið starfandi utan höfuðborgarsvæðisins frá því í mars síðastliðnum. Þetta hefur nú þegar haft slæm áhrif.

#### Foreldrar ráðalausir

Foreldrar, sem áður nutu geðlæknisþjónustu fyrir börn sín á Sjúkrahúsinu á Akureyri, standa nú uppi ráðalausir. Ekki er neina lausn að fá af höfuðborgarsvæðinu. Þar er staðan einnig erfið og svörin sem foreldrar fá eru oft á þá lund að sérfræðingar þar taki ekki við nýjum sjúklingum. Í stuttu máli stefnir í ófremdarástand ef ekki verður hægt að tryggja geðlæknisþjónustu fyrir börn og unglinga á Norður- og Austurlandi.

#### Á borð ráðherra án tafar

Nú þarf heilbrigðisráðherra að taka mál þessara skjólstaðinga sinna inn á sitt

→ Foreldrar, sem áður nutu geðlæknisþjónustu fyrir börn sín á Sjúkrahúsinu á Akureyri, standa nú uppi ráðalausir. Ekki er neina lausn að fá af höfuðborgarsvæðinu.

borð án tafar. Við væntum mikils af þér og nýrri ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, þar sem báðir flokkar hafa það á stefnuskrá sinni að börn á landsbyggðinni geti notið aðgengis að sem bestri geðheilbrigðisþjónustu í sínu nær- umhverfi.

#### Hörmungarástand í uppsiglingu

Við skorum á þig, Kristján Þór Júlíusson, að ganga í málið, að sjá til þess að Norður- og Austurland geti búið æsku sinni upp á nauðsynlega geðlæknisþjónustu. Þannig getur þú bjargað börnum, foreldrum þeirra og samfélagi þeirra frá hörmungarástandi sem nú er í uppsiglingu.

Fyrir hönd stjórnar Félags sálfræðinga á Norður- og Austurlandi, Kristín Elva Viðarsdóttir

# Brenndur Bismarck

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Einhver tiltekin iðja verður í sjálfu ekki góð eða réttmæt við það eitt að vera kennd við list – og svo sem ekki heldur vond eða ómerkileg.

List er ekki stjórnmalaflokkur. Hún er ekki trúarsamfélag og starfar ekki eftir fundasambýktum. Listamenn geta verið íhaldssamir, nýjungagjarnir, vinalegir, andstyggilegir, frumlegir, andlausir; alls konar.

Hvað er list? Ég man það ekki en hún er undursamleg þegar maður rekst á hana. Hún vitnar um þörf mannsins til að grípa andann á lofti – í bókstaflegri merkingu. Hún er viðleitni til að skapa eitthvað sem hefur notagildi sitt fölgandi í sjálfu sér. Hún er nýtt sambengi gamalkunnra hluta eða viðtekinn hugmynda. Hún er opnun á skilningarvitunum. Hún er þráin eftir nýrri sýn. Hún er leitinn að uppljómun.

### Leitin að uppljómun

Eftir árþúsunda dvöl á jörðinni er maðurinn enn að klóra sér í hausnum og spyrja: Hvað er ég eiginlega að gera hérna? Til hvers er ég eiginlega? Menn leita svara í vísindum og trúarbrögðum og öðru grufli kringum grunsemdir um að fleira sé til undir sólinni en það sem við skiljum; og listum: við njótum listar og eitthvað kann

að renna upp fyrir okkur, eitthvað fyllir hugann nýjum eða gamalkunnnum kenndum og formum.

Hvað er list? Hún er tiltekin viðleitni mannanna til að reyna að fást við heiminn og sig í heiminum; Hún er leit að formi og merkingu og sambengi og listamenn leitast við að leiða í ljós einhvern sannleika, helst með sláandi hætti, sem breyti sýn þeirra sjálfra og hinna sem njóta á veruleikann. Hún er tilraun til að „ná í skottið á eldingunni“, eins og einhver sagði.

List er ekki góð eða slæm í sjálfu sér. Listaverk geta hins vegar góð eða slæm, vel heppnuð eða ómerkileg – svo sem ekki neitt neitt, eða ævintýri.

Margir telja að listamönnum beri fyrst og fremst að „reyna á mörkin“; en slík markaðsreynsla er sennilega nokkuð ofmetin iðja. Til eru listamenn sem líta á list sína sem nokkurs konar jaðaríprótt, til þess fallna að kanna þölmörk leiðindanna sem hljótast af endurtekningu þar sem verið er að reyna á mörk hins óbærilega og vinna með rými leiðindanna. Listamenn geta vissulega lent í því að fara yfir einhver mörk hins ásættanlega í leit sinni að uppljómun en það getur ekki verið markmið í sjálfu sér að starfa á slíkum mörkum því þá missa listamennirnir sjónar á öðrum mikilsverðum atriðum.

Sumt er einfaldlega rangt að gera, út frá siðferðilegum mælikvörðum sem við höfum komið okkur saman um, og gildir þá einu þótt athæfið sé kennt við list. Listamaðurinn Santiago Sierra kann að þykja sniðugur í sumum stöðum en iðja hans

hefur á köflum verið siðferðilega ámælisverð, hvað sem líður réttlætningum hans: hann kaupir aðgang að fólki til að mótmæla kapitalismanum, niðurlægir fólk til að benda á að fólk sé niðurlægt. Meðal annars þess vegna finnst mér alltaf óþægilegt að ganga fram hjá grjótinu hans á Austurvelli – sem ætti að heita Sundurlyndisfjandinn. Frá því stafar óþægilegri orku sem ég er viss um að á sinn þátt í því hve þingmennirnir okkar eru skrítnir og þrasgjarnir.

### Bismarck var hér

Svipuðu máli gegnir um þennan þýska skrattakoll, Von Bismarck. Hvernig sem kann að vera hátt að aðild hans að hinum kjánalegu og frámunalega ljótu spellvirkjum í Mývatnssveit – hann gengst ekki við því að hafa sjálfur graffað þetta – þá eru þau til vitnis um eitt af mest þreytandi einkennum sumra nútímalistamanna, sem er sú árátt að merkja sér staði, eins og fresskettir gera; „setja mark sitt“ á svæði sem fram að því hafa verið í friði fyrir slíkum signatúrum.

Maður hefur séð tilhneigingu til að bera blak af þessum vandalisma með því að benda á að Kárahnjúkavirkjun hafi verið margfalt verri náttúruspjöll. Að vísu, en á ég þá að fingurbrjóta mann og benda svo á að ég hafi þó að minnsta kosti ekki myrt hann? Aðrir hafa sett á tölur um að Íslendingar séu sóðar, sem eflaust má til sanns vegar færa en er varla mosanum að kenna sem slitinn var upp.

Von Bismarck segir að þessar merkingar sem hann setti séu

Sumt er einfaldlega rangt að gera, út frá siðferðilegum mælikvörðum sem við höfum komið okkur saman um, og gildir þá einu þótt athæfið sé kennt við list.

náttúrunni sjálfri óviðkomandi, það að kalla eitthvað mosa eða hraun sé mannlegt athæfi, menningarlegt, fuglarnir sjái ekki stafina og svo framvegis: en til að koma á framfæri þeirri lítilsigldu athugun þurfi samt að eyðileggja mosa sem vex ekki aftur í bráð, fyrir utan það að leggja undir sig „rýmið“, gera það menningarlegt, að hverju öðru stórborgarkrassi.

Íslensk náttúra vekur sterkar tilfinningar í brjósti fólks. Margir líta á hana sem helgidóm sem ekki megi undir nokkrum kringumstæðum gera annað en að tipla hvíslandi umhverfis. Það er náttúrulega heldur langt gengið – en líka hitt að hlutverk okkar á þessari jörð sé umfram allt að rótast í henni og djöflast til að búa til skjótfenginn gróða svo að hægt sé að halda áfram að veðsetja skýjaborgir. Hvað sem því líður er gjörningavæðing ólíklegustu hluta að verða nokkurt áhyggjuefni – nú síðast var Sjostakovich spilaður á Listahátíð eins og um gjörning væri að ræða af þeirri sortinni sem snýst um að „kanna þölmörk“ fremur en að njóta listar. Kannski að við ættum að lýsa náttúru Íslands gjörningafrítt svæði?

## AF NETINU

### Fullveldismál

Það er merkilegt að heyra þau orð forsætisráðherra að forseti Íslands fari með fullveldismál. Í raun er engin hefð fyrir þessu, enda spurning hvað séu fullveldismál og hvernig sé hægt að skilja þau frá öðrum málum?

Er átt við alþjóðasamninga eða utanríkismál almennt?


Sveinn Björnsson skipti sér ekki af því þótt þjóðin gengi í Nató og hér settist að erlendum her, Ásgeir Ásgeirsson, Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir héldu sig fyrir utan deilur um þetta – sem svo sannarlega hlýtur að teljast fullveldismál.

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils/Egill Helgason>

### Femínistatakmörkun

Femínistar hafa takmarkað rétt kvenna til að ráða yfir eigin líkama og vilja takmarka hann enn frekar. Það er fráleitt að sú stefna að refsá viðskiptavinum kynlífsþjóna feli ekki í sér kúgun gegn þeim konum sem selja þjónustuna. Baráttan gegn kynlífsiðnaði er samt að vissu leyti skiljanleg því sá iðnaður er vissulega eitt af skálkaskjólum glæpamanna.

<http://blog.pressan.is/evahauks/Eva Hauksdóttir>



## FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ OFNÆMI

# NEUTRAL.IS



Dönsku astma- og ofnæmissamtökin



Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá

Neutral®

## MERKISATBURÐIR

1935 AA-samtökin stofnuð.

1947 Sænski bílaframleiðandinn Saab kynnir til sögunnar fyrsta bílinn sinn.

1967 Sex daga stríðinu svokallaða, milli Ísraelsmanna og arabískra nágranna þeirra, lýkur.

1940 Stór dagur í atburðarás síðari heimsstyrjaldar. Noregur fellur í hendur Þjóðverja og Kanada lýsir stríði á hendur Þjóðverjum.

1977 Morðingi Martins Luthers King Jr, James Earl Ray, nær að flýja úr fangelsi í Tennessee. Hann næst nokkrum dögum síðar.

1996 Stórhertogahjónin af Lúxemborg heimsækja Norðurland, Mývatnssveit og nágrenni í opinberri heimsókn sinni til landsins.

PETTA GERÐIST: 10. JÚNÍ 1986

## 5.000 króna seðillinn settur í umferð

Seðlabanki Íslands setti fimm þúsund króna seðilinn í umferð á þessum degi árið 1986. Um leið var 50 ára myndin útbúin úr koparhúðuðu stáli en fram til þessa hafði hún verið úr brónsi.

Seðillinn prýddi Ragnheiður Jónsdóttir (1646-1715), biskupsfrú á Hólum, og annað myndefni seðilsins var sótt í líf hennar, hannyrðir og kennslu. Auk þess var mynd af eiginmanni hennar, Gísla Þorlákssyni Hólabiskupi, og tveimur fyrri eiginkonum hans valin til myndskreytingar. Ragnheiður

er meðal annars þekkt fyrir fagrar hannyrðir sínar og til merkingar verðgildis seðilsins var notað útsaumsletur Ragnheiðar úr sjónabók hennar. Á bakhlið seðilsins er mynd af Ragnheiði og tveimur nemendum hennar að skoða altarisklæði sem hún gerði fyrir Laufáskirkju í Eyjafirði en það hefur varðveist og er geymt á Þjóðminjasafni Íslands.

Auglýsingastofa Kristínar hf. sá um að teikna seðilinn sem fylgdi að útliti þeirri seðlaröð sem gefin hafði verið út frá árinu 1981, með vatnsmerki og öryggisþræði. Aðallitur seðilsins var blár en þar áður hafði verið gefinn út brúnn 50 króna seðill, grænn hundrad króna seðill, rauður fimm hundruð króna seðill og fjólublár þúsund króna seðill. Seðillinn var framleiddur í Bretlandi.





Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA SIGURÐARDÓTTIR**  
Nökkvavogi 29, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí mánudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. júní kl. 15.00.

<b>Elizabeth Haraldsdóttir</b>	<b>Richard Weber</b>
<b>Einar Valgeirsson</b>	<b>Birna Leifsdóttir</b>
<b>Sigurður Valgeirsson</b>	<b>Auður Ingólfsdóttir</b>
<b>Valgeir Valgeirsson</b>	<b>Kristín Þórsdóttir</b>
<b>Hörður Valgeirsson</b>	
<b>ömmubörn og langömmubörn.</b>	



**ÞRIÐJUDAGSKVÖLD**  
Einar Jóhannesson klarinettuleikari hefur staðið fyrir sumartónleikaröð í Þingvallakirkju í Pingvallakirkju síðustu sjö árin. FRÉTTABLAÐID/STEFAN



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR**  
(DÍA)  
Viðihlið 31, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 30. maí á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 11. júní klukkan 15.00.

<b>Ingólfur Einarsson</b>	<b>Þórdís Ötjörð Skúladóttir</b>
<b>Guðbjörg Einarisdóttir</b>	<b>Finnur Egilsson</b>
<b>barnabörn og barnabarnabörn.</b>	

## Eina hræðslan er að of margir gestir komi

Einar Jóhannesson er upphafsmaður tónleikaraðarinnar Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju sem hleypt verður af stokkunum í sjöunda sinn annað kvöld.

Það eina sem ég kvíði fyrir er að það komi of margir gestir, því það er svo leiðinlegt að vísa fólki frá," segir Einar Jóhannesson klarinettuleikari, upphafsmaður tónleikaraðarinnar Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju, sem hleypt verður af stokkunum sjöunda árið í röð annað kvöld.

Einar á rætur sínar að rekja til Þingvallasveitar og kviknaði hugmyndin að hátíðinni þegar móðursystir hans, Guðbjörg Einarisdóttir frá Kárastöðum, sem var organisti í Þingvallakirkju fyrir 60

til 70 árum, lést árið 2006. „Þá kom til tals að stofna minningarsjóð um hana til að efla tónlistarlíf í kirkjunni. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir í júní sumarið eftir, árið 2007, og tónleikaröðin hefur verið við lýði æ síðan. Hún hefur heppnast afar vel og tónleikarnir hafa rokkað frá fjórum til sex hvert sumar," segir Einar og bætir aðspurður við að hræðslan við að of margir gestir mæti á staðinn hafi aðeins einu sinni átt við rök við styðjast. „Oftast kemur einmitt réttur fjöldi af fólki, milli 40 og 50 manns, því

kirkjan er svo lítil. Einu sinni mættu þó yfir hundrad manns, þegar sönghópurinn minn Voces Thules kom fram, og þá fórum við bara út í fallett sumarkvöldið og héldum tónleikana þar.

Á fyrstu tónleikum sumarsins annað kvöld leikur Laufey Sigurðardóttir fiðuleikari einleiksverk eftir Johann Sebastian Bach. Á milli þátta les Þorsteinn frá Hamri eigin ljóð. Aðgangur að tónleikum er ókeypis en tekið er við frjálsum framlögum í minningarsjóðinn við kirkjudyf.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**VIGNIR GÍSLI JÓNSSON**  
Skógarflöt 23, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 3. júní. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju þriðjudaginn 11. júní kl. 14.00.

<b>Sigríður Eiríksdóttir</b>	<b>Ólóf Linda Ólafsdóttir</b>
<b>Eiríkur Vignisson</b>	<b>Sindri Már Atlason</b>
<b>Katrín Björk Þórhallsdóttir</b>	
<b>Vignir Gísli Eiríksson</b>	
<b>Eiríkur Hilmar Eiríksson</b>	
<b>Ólafur Atli Sindrason</b>	



Okkar hjartkæri

**ROLF MARKAN**  
Lækjasmára 8, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans að kvöldi sunnudagsins 2. júní, verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 12. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeilda í Kópavogi.

<b>Anne-Marie Markan</b>	<b>Sofie Markan</b>
<b>Ingrid Markan</b>	<b>Nicholas Jones</b>
<b>Inga Huld Markan</b>	<b>Kjartan Sveinsson</b>
<b>María Huld Markan Sigfúsdóttir</b>	
<b>Fróði Markan Jones</b>	
<b>Tumi Markan Jones</b>	
<b>Móey Kjartansdóttir</b>	



Útför eiginkonu minnar, móður okkar og tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞÓREYJAR SVEINSDÓTTUR**

sem lést 31. maí, fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 11. júní kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Gigtarfélags Íslands.

<b>Hreinn Hreinsson</b>	<b>Örn Hlökkver Tyrfingsson</b>
<b>Lena María Hreinsdóttir</b>	<b>Philip Vogler</b>
<b>Helga Kolbrún Hreinsdóttir</b>	<b>Jóhanna Sigurjónsdóttir</b>
<b>Hreinn Andrés Hreinsson</b>	<b>Björg Björnsdóttir</b>
<b>Sveinn Birgir Hreinsson</b>	<b>Halldór Sveinn Hauksson</b>
<b>Erna Bára Hreinsdóttir</b>	<b>barnabörn og barnabarnabörn.</b>

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



**Rúnar Geimundsson**   **Sigurður Rúnarsson**   **Eli Rúnarsson**   **Þorbergur Þórðarson**

**Alhliða útfararþjónusta**

Símar: 567 9110 & 893 8638  
[www.utfarir.is](http://www.utfarir.is) • [runar@utfarir.is](mailto:runar@utfarir.is)

**Útfararþjónustan ehf.**  
Stofnað 1990



**Granithöllin Legsteinar**

**ÁVÍSUN** 35.000.-

**35.000.- krónur**

Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innaborgun á legstein.

Ávísunin gildir sem hlutagreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.

Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutagreiðsla við kaup á einum legsteini.

Granithöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði • Sími 555 3888 • [granithollin.is](http://granithollin.is)

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÁHUGAVERÐAR MYNDIR

Nú stendur yfir sýning á ljósmyndum Sigfúsar Eymundssonar í Þjóðminjasafni Íslands, sem hefur myndir hans til varðveislu. Safnið er 150 ára og verða ljósmyndunum gerð góð skil í myndasal safnsins. Spurt er hvaða þýðingu þessar myndir hafa fyrir íslenska menningarsögu.



Glæsilegir gæða sólbekkir frá Ítalíu



JARN&GLER

Járn og gler hf - Skútuvegur 1H  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 5858900 - www.jarngler.is



## BLAND Í BRENNIVÍN

**MATARHÖNNUN** Eysteinn Jónasson útskrifaðist úr vöruhönnun í LHÍ í vor. Útskriftarverkefnið var gosdrykkur úr íslenskum jurtum sem hann kallar V/S. Innblásturinn sótti hann í gamla hjátrú og í gin og tónik.

**G**in og tónik eru varla drykkjarhæfar veigar hvor í sínu lagi en afar góðar saman. Þessi bragðpörun fannst mér heillandi og langaði því að búa til gosdrykk úr íslensku hráefni sem færi vel með íslensku brennivíni," útskýrir Eysteinn Jónasson, nýútskrifaður vöruhönnuður. Útskriftarverkefnið hans var drykkurinn V/S, búinn til úr íslenskum jurtum. Hann sótti innblásturinn að verkefninu ekki bara í gin og tónik, heldur líka í íslenska hjátrú tengda árstíðunum.

„Drykkurinn endurspeglar uppskeru sumarsins en brennivínið er nánast bara drukkið á þorranum. Því fannst mér gaman að tengja drykkinn við vetur og sumar og við hjátrúna sem segir að þegar vetur og sumar frjósa saman verði sumarið gott. Hún kemur frá gamla tímatalinu þegar árstíðirnar voru bara tvær. Ég nota barrsprotta, einiber, blóðberg og hvönn í drykkinn en þessar bragðtegundir tala vel saman og eiga einnig öll vel við kúmenið í

brennivíniinu," útskýrir Eysteinn. Hann segir drykkurinn frekar súran en sætan og besta lýsingarorðið yfir hann vera „ferskur“. Hann sé ólíkt tónikinu góður á bragðið einn og sér. Nú taki frekari þróunarvinna við og draumurinn sé að koma drykknum á markað.

En þurfti hönnuðurinn að innbyrða mikið brennivín við þróunarvinnuna? „Já, bæði og," segir Eysteinn hlæjandi. „Ég byrjaði á að gera alls kyns te úr jurtunum og fór svo út í sírópsgerð. Þegar ég fékk vini í heimsókn dró ég flöskurnar fram og fékk fólk til að blanda sírópinu út í brennivín. Það komu ýmsar góðar blöndur út úr því tilraunastarfi, sumar gleymdust reyndar strax en þessar tilraunir sýndu mér að þetta var hægt," segir Eysteinn og viðurkennir að hafa alltaf verið tilraunaglaður í eldhúsinu.

„Ég og vinur minn elduðum alls kyns kúrekakássur með pylsum þegar við vorum krakkar. Ég hef alltaf kunnað vel við mig í eldhúsinu.“ ■ heida@365.is

### V/S DRYKKUR

Eysteinn Jónasson bjó til gosdrykk úr íslenskum jurtum til að blanda út í brennivín. Hann fékk innblásturinn frá gamalli hjátrú.

MYND/DANIEL

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp!

Kíktu á [www.reverie.com](http://www.reverie.com)



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigetna 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

12 mán. vaxtalausar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Frábært tilboð fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm  
Verð áður kr. 569.900.-  
Verð nú kr. 499.900.-

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm  
Verð kr. 399.900.-

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00



# ÚTSALAN HAFIN!

MARINA RINALDI

## MaxMara

B/A/S/L/E/R *Parisar* TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



**ÓLAFUR B. ÓLAFS (1908-1945)**  
Armstóll, 1933-1937. Krómuð stálrör, eik, salún-ullaráklæði frá Álafossi (ekki upp-runalegt). Framleiðandi er Stálhúsgögn hf. og Smíðastofan Reytnir.

**STÁLHÚSGÖGN HF.**  
Stóll frá 1957. Krómuð stálrör, innflutt gult munstrað vínlyáklæði. Framleiddur í Stálhúsgögnum hf. fyrir Heilsuverndarstöðina í Reykjavík sem vígð var 1957.

# SUMARTILBOÐ

## Á GESTAHÚSUM OG GARDHÚSUM

www.volundarhus.is



70 mm bjálki / Tvöföld nótun

**VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 36 m<sup>2</sup>**  
kr. 2.299.900,- án fylgihluta / án verandar.  
kr. 2.699.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti / án verandar.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**



28 mm bjálki

**TILBOÐ - BARNAHÚS 2,1m<sup>2</sup>**  
kr. 139.900,- án fylgihluta  
kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

**TILBOÐ - GARDHÚS 9,9 m<sup>2</sup> - án gólfs**  
kr. 329.900,- án fylgihluta  
kr. 369.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

**TILBOÐ - GARDHÚS 9,7m<sup>2</sup>**  
kr. 359.900,- án fylgihluta  
kr. 399.900,- m/fylgihlutum

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARDHÚS á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

**uölundarhús.is**  
Vel valið fyrir húsið þitt  
volundarhus.is • Sími 864-2400

# MÖRK HEFÐA OG NÚTÍMA

**HÚSGÖGN** Sumarsýning Hönnunarsafns Íslands var opnuð síðastliðinn föstudag og stendur fram í október. Á sýningunni gefur að líta þekta hönnunargripi, auk annarra muna.

Á sumarsýningu Hönnunarsafns Íslands er sjónum beint að nokkrum þáttum í komu mödernismans í íslenska hífylámenningu frá því um 1930 og fram yfir 1980. Meginuppistaða sýningarinnar er safnkostur safnsins en einnig er skyggnst inn í geymslur annarra safna og í heimahús, þar sem óvænt kynni við hluti og sögur af hönnun komu oft á óvart. Á sýningunni má líta bæði vel þekta hönnunargripi og einnig óvænta hluti. Skoðuðu eru mörk hefða og nútíma í húsgagnagerð, tilkoma nýrra efna líkt og krossviðs og krómaðs stáls, notkun járn og nýstárlegra þræða. Sýningarstjórar eru dr. Arndís S. Árnadóttir og Elísabet V. Ingvarsdóttir hönnunarfræðingur.

Nánari upplýsingar er að finna á **honnunarsafn.is**.

**PÉTUR B. LÚTHERSSON (1936)**  
Stóll frá 1969. Krómaður stálpípur, svart leður. Smíðaður í fáum eintökum fyrir gleraugna-verslunina Linsuna.

# LANGAR ÞIG Á TÓNLEIKA?

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.



**HARPA** TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSÍÐ Í REYKJAVÍK

**HOF** MENNINGARHÚS

**SALURINN**

**midi.is**



**ÓPEKKTUR HÖFUNDUR** Ekki hefur fengist staðfest hver gerði þennan stól. Hann kemur af einkaheimili og er dæmigerður fyrir þær breytingar sem verða á útliti húsgagna á 5. áratugnum. Ef lesendur vita hver hönnuður stólsins er, þá má hafa samband við Hönnunarsafnið.

**GUNNAR MAGNÚSSON (1933)**  
Armstóll frá 1963. Nikkelhúðað stanga-járn, svart leður. Framleiðandi Stálhúsgögn hf. fyrir veitingasalinn á Hótel Holti. Um bólstrun sá Ásgrímur P. Lúðvíksson. Upprunalega klæddir fjólubláum og rauðu ullaráklæði.

**JÓNAS SÓLMUNDSSON (1905-1983)**  
Léttbólstraður stóll Jónasar Sólmundssonar er að öllum líkindum teiknaður skömmu eftir að hann kom heim frá námi í Þýskalandi 1930 og ber lærimeistara hans í Frankfurt, Franz Schuster, og vönduðu handbragði Jónasar vel vitni. Um það bil 1930-1937.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölu menn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427



# ÖRYGGISKERFI & ÞJÓNUSTA

MÁNUDAGUR 10. JÚNÍ 2013

## ÖRYGGI

Hagvís sérhæfir sig í öryggisgirðingum með og án aðgangsstýringar.

SÍÐA 2

## EFTIRLIT

GSC Öryggisþjónusta býður upp á eftirlitsmyndavélar, brunaviðvörðunarkerfi, búðargæslu, verðmætaflutninga og fylgdarvörslu svo dæmi séu nefnd.

SÍÐA 2

## YFIRSÝN

IP kerfi selur þaulreyndan öryggisbúnað fyrir fyrirtæki, heimili og sumarbústaði.

SÍÐA 3

Stofnað 1988



# Neyðarþjónustan

Lásasmiðurinn



Lyklakerfi

Sami lykill að ÖLLUM lásur...



• Við smíðum og þjónustum lyklakerfi fyrir fyrirtæki og hús-félög.



Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri Hagvís. Fyrirtækið sérhæfir sig í öryggisgirðingum.



Öryggisgirðing frá Hagvísi í kringum leikskólann Ása.

MYND/HAGVÍS

## Hagvís – aðgangsstýring og öryggi

Hagvís sérhæfir sig í öryggisgirðingum með og án aðgangsstýringar fyrir fyrirtæki bæði stór og smá. Fyrirtækið selur sömuleiðis hlið og bómur sem einnig er hægt að hafa aðgangsstýrð. Hagvís þjónustar fyrirtæki um allt land.

**A**ðalsöluvörur okkar eru öryggisgrindagirðingar, netgirðingar og ýmsar tegundir af rimlagirðingum fyrir bæði stór og smá fyrirtæki. Við erum eingöngu með vörur frá hollenska fyrirtækinu Heras, sem er stærsti framleiðandi öryggisgirðinga í Evrópu. Það leggur mikla áherslu á aðgangsstýringar í sinni framleiðslu. Við erum einnig elsti umboðsaðili Heras í Evrópu en

Hagvís hefur starfað í 35 ár,“ útskýrir Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri Hagvís.

„Auk girðinga seljum við hlið og bómur sem einnig er hægt að hafa aðgangsstýrð,“ segir Jóhann. Hliðunum er þá ýmist hægt að stýra með farsíma, fjarstýringu, með korti í kortalesara eða með því að slá inn númer.

„Þetta eru bæði vængjahlið og rennihlið en við seljum mikið af

tveggja metra háum rennihliðum, með allt að 16 metra opnun.“

Á öryggisgirðingunum frá Heras er hægt að fá kerfi sem fer í gang ef átt er við girðinguna, klippt á net eða slíkt. Þá er hægt að fá girðingar með rafmagni efst en Jóhann segir Heras hafa sett margar slíkar girðingar upp í kringum fangelsi og stórar verksmíðjur erlendis þar sem mikillar öryggisgæslu er þörf.

„Allur stýribúnaður og kerfi geta fylgt með, svo sem myndavélar og fleira, og við erum með aðila á okkar snærum sem sér um að setja upp kerfin fyrir viðskiptavinum sé þess óskað. Allar okkar vörur fylgja ISO-stöðlum sem eru í gildi í Evrópu,“ segir Jóhann. „Við getum útvegað sýnikennslu á vörunum og öryggiskerfunum hjá sérstöku sýningarhúsi Heras í Hollandi, sé þess óskað.“

Hagvís er staðsett bæði á Akureyri og í Reykjavík en fyrirtækið sinnir viðskiptavinum um allt land. Afhendingartími pantana er 4-6 vikur og hægt er að panta vöruna í hvaða lit sem er. Ný heimasíða verður opnuð innan skamms auk þess sem vörubæklingar Heras munu fljótlega fást á íslensku hjá Hagvísi.

sjá [www.hagvis.is](http://www.hagvis.is)



GSC Öryggisþjónusta er nýr valkostur í öryggiskerfum með vaktþjónustu fyrir fyrirtæki og heimili.

## Ný þjónusta í fjarvöktun fyrir fyrirtæki og einstaklinga

GSC Öryggisþjónusta er framsækið þjónustufyrirtæki með eigin vaktstöð sem býður upp á heildarlausnir í öryggismálum.

**G**SC Öryggisþjónusta er metnaðarfullt fyrirtæki á sviði öryggismála. Fyrirtækið er aðeins ársgamalt en hefur þegar haslað sér völlu um allt land. Fyrirtækið rekur eigin vaktmiðstöð til móttöku boða frá öryggiskerfum viðskiptavina. Vaktmiðstöðin er starfrækt allan sólarhringinn, alla daga ársins. GSC útvegar og setur upp og þjónustar allar mögulegar lausnir í öryggiskerfum. Fyrirtækið er samkeppnisfært við stærstu ör-

ryggismiðstöðvar landsins jafnt í þjónustu, tækjum og ekki síst í verði.

Steingrímur Ólafsson hjá GSC segir að fyrirtækið sé þriðja stærsta fyrirtæki landsins á sviði öryggisþjónustu sem er með vaktstöð. „Við erum með vönduð öryggiskerfi og tökum við boðum frá okkar kerfum. Við erum með fyrirtækja- og heimilisþjónustu, öryggishnappa, slökkvitæki og GSM-sumarhúsavörn. Kerfin okkar eru af fullkominni

Cooper Security-gerð en þau eru notuð um allan heim. Vaktbílarnir okkar eru alltaf á ferðinni.

Hjá okkur er boðið upp á eftirlitsmyndavélar, brunaviðvörðun, búðargæslu, verðmætaflutninga og fylgdarvörn fyrir þá sem þurfa á slíku að halda, svo sem við opinberar heimsóknir þjóðhöfðingja eða frægra kvikmyndastjarna.“

Steingrímur segir að fyrirtækið þjónusti fyrirtæki á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu.

Til dæmis sé það með samning við Fosshótelin. Þá er fyrirtækið með fullkomna öryggisþjónustu á Selfossi í vöktun á öryggis- og brunakerfum, ásamt vaktgæslu. Þá hefur fyrirtækið séð um öryggisgæslu á útihátíðum og árshátíðum.

Starfsmenn hjá GSC hafa allir mikla reynslu af störfum við öryggisgæslu. „Við sendum öryggisfulltrúa í fyrirtæki og heimili og ráðleggjum fólki hvað hentar því best í öryggisvörnum. Einn-

ig bendum við á ef eitthvað má betur fara eða þarf að lagfæra til varnar innbrotum. Þeim fer fjölgaandi sem velja að hafa öryggisþjónustu, enda veitir það ákveðna öryggisstillingu,“ segir Steingrímur.

Hægt er að skoða þjónustuna á heimasíðunni [gsc.is](http://gsc.is) eða hringja í síma 512 3355.



GSC - Öryggisþjónusta

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggitur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggitur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggitur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggitur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931



Egbert Maríuson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

## 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

FASTEIGNASALAN **BÆR**  
www.fasteignasalan.is

### Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir

## Stórt raðhús í Fossvogi

Valhöll, fasteignasala kynnrir 260,5 fm raðhús á frábærum stað í Fossvogi.

Húsið hefur mikið verið endurnýjað að innan sem utan og skipulagi breytt. Í kjallara hefur verið útbúin mjög fin þriggja herbergja íbúð með sérinnangangi.

Húsið er pallbyggt með rúmgóðum stofum, fjórum svefnherbergjum, stóru nýju eldhúsi og góðum borðkrók. Gestasnyrting og aðalbadherbergi hafa verið endurbætt.

Á efsta palli eru rúmgóðar stofur með útgengi út á góðar svalir. Úr anddyri er gengið niður í þvottahús. Á gólfum er parket og flísar. Þakið hefur verið endurnýjað, sömuleiðis rafmagnslagnir, vatns- og fráveitugagnir.

Garðurinn er stór og pallur í suðri. Húsið er á vinsælum stað í Fossvogi en það var byggt árið 1971. Bílskúrinn stendur sér og er 30,3 fm.

Hér er um að ræða fallegt og mikið endurnýjað stórt raðhús á frá-



Fallegt raðhús í Fossvogi er til sölu hjá fasteignasöluinni Valhöll.

bærum stað í Fossvogi.

Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Heiðar Friðjónsson löggrast. í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is



FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA

820 8081

RE/MAX Alpha

Sylvía G. Walthersdóttir  
sylvia@remax.is

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
löggrast.fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
löggrast.fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
löggrast.fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarsson  
sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

### Boðþáping - 55 ára og eldri



Vandað 34 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum fyrir 55 ára og eldri. Flestar íbúðir með staði í bílskýli. Húsið er á reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraða. Bjartar, vel skipulagðar og vandlega innréttaðar 2ja herbergja íbúðir.



Sundlaugavegur - 6 herbergja hæð. Mjög rúmgóð og vel skipulögð um 131 fm hæð, fjögur svefnherb. og tvær stofur. Tölvert endurnýjuð eign, m.a. eldhús og parketi. Hús nýlega viðgert. V. 34,9 m.




Árkvörn 2B - 4ra herb - Opíð hús. 4ra herbergja íbúð á 1.hæð með sérinnangangi við Árkvörn í Artúnsholtinu. Íbúðin er skráð 93,7fm auk 6,2 fm sérgæmslu. Samtals 99,9 fm. Byggt 1991. Tveir leikskólar, innan selingar ásamt Artúnsskóla. V. 27,9 m. Opíð hús í dag kl 17:30-18:00



Fensalir 8 - 2ja herb. - Opíð hús. Vönduð 77 fm íbúð á jarðhæð með stórum afgirtum sólpalli. Góðar innréttingar og gólfefni og flísalagt þvottahús inna íbúðar. Opíð hús á morgun kl 18-18:30



Laugalind 2 - 4ra herb. - Opíð hús. Vönduð 4ra herbergja íbúð með stórum sólpalli og sérinnangangi. Eignin er í litlu fjölbýlishúsi í vinsælu fjölskylduhverfi í Kópavogi. Eignin er skráð 121,1 fm með þvottahús og gæmslu innan íbúðar. V. 34,9 m. Opíð hús á morgun kl 17:15 - 17:45



Gullsmári 10 - 3ja herb. - Opíð hús. Vel skipulögð um 90 fm 3ja herbergja íbúð á 4. hæð lyftuhúsi. Tvö rúmgóð herbergi og björt stofa. Stórar suðursvalir með fallegu útsýni. Íbúðin er laus við samning. V. 25,5 m. Opíð hús í dag kl 17:30- 18:00



Klapparhlíð - 2ja herb. Góð 67fm íbúð á 2.hæð. Eignin skiptist í flísalagt anddyri, Rúmgott hjónaherbergi með góðum skápum. Flísalagt badherbergi, innaf því er þvottahús. Björt stofa og eldhús með góðri innréttingu. V. 19,9 m.



Lómasalir - Endaraðhús. Stórglæsilegt um 220 fm endaraðhús með bílskúr. Sérlega vel hannað fjölskylduhús með fimm góðum svefnherbergjum. Allur frágangur er til fyrirmyndar. Sérsmíðaðar innréttingar og vönduð gólfefni. Glæsileg fullbúin lóð með sólpöllum. V. 62,9 m.



Naustabryggja - Glæsileg eign. Sérlega glæsileg, nýleg og vönduð 215 fm íbúð á tveimur hæðum, 4 svefnherbergi og stórar bjartar stofur ásamt tveimur staðum í lokaðri bílgæmslu. V. 46,9 m.



**Jón Guðmundsson**  
Sölustjóri  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Páll Þórólfsson**  
Sölumabur  
pall@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### 2JA HERBERGJA



**BRÆDRABORGARSTÍGUR- REYKJAVÍK**  
- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.  
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.  
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.  
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **25,4 millj.**

### 3JA HERBERGJA



**BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.**  
- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.  
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.  
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.  
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottah. innan íb. **37,9 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



**SUNDLAUGAVEGUR - REYKJAVÍK**  
- Glæsileg 101,7 fermetra íbúð á efri hæð með suðursvölum.  
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum  
- Bjartar samliggjandi stofur með útgengi á suðursvalir.  
- 21,6 fm. bílskúr. Sér bílastæði er á lóð **35,9 millj.**

### SÉRBÝLI



**REYKJAVÍKURVEGUR- HAFNARFIRÐI**  
- Virðulegt og fallegt 275,7 fm. einbýlishús, hæð og kjallari.  
- Lofthæð efri hæðar tæplega 3 metrar. Arinn í stofum.  
- Stór og gróin með steinsteyptum veggjum. 16,5 fm. bílskúr.  
- Ekið er að húsinu frá Norðurbraut. **49,9 millj.**



**MÁVAHLÍÐ - REYKJAVÍK**  
- Góð 45,6 fm. risibúð í Hlíðunum.  
- Björt stofa. Eitt svefnherbergi. Baðherbergi með sturtu.  
- Geymslupláss undir súð. Þvottaherbergi í kjallara.  
- Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. **17,9 millj.**



**SÓLTÚN – REYKJAVÍK. LAUS STRAX.**  
- Falleg og björt 109,4 fm. íbúð á 5. hæð í vönduðu fjölbýli  
- Sér stæði í bilageymslu. Sér inngangur í íbúðina af svölum.  
- Rúmgóðar svalir til suðurs og sér þvottah. innan íbúðar **42,0 millj.**



**SKÚLAGATA - REYKJAVÍK.**  
- Glæsileg 139,9 fermetra íbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi.  
- Sér bílastæði í upphitaðri bilageymslu. 2 herbergi.  
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa með glerþaki að hluta.  
- Nýendurnýjað að utan. Góð sameign. **49,9 millj.**



**GNITAKÓR-KÓPAVOGI**  
- 343,8 fm. einbýli á tveimur hæðum. 36,0 fm. bílskúr.  
- 131,0 fm. efri hæð hússins er í dag ein íbúð.  
- Tvær 85,0 fm. 2ja herb. íbúðir á neðri hæð.  
- Vel staðsett á góðum útsýnisstað. **73,9 millj.**



**HRINGBRAUT – REYKJAVÍK. LAUS**  
- Björt 46,1 fm. íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm. sér geymslu.  
- Björt stofa. Eitt svefnherbergi.  
- Búið er að endurnýja allt gler og glugga.  
- Íbúðin er laus til afhendingar strax. **17,9 millj.**



**SÓLVALLAGATA- REYKJAVÍK.**  
- Björt 89,9 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi í vesturbæ.  
- Rúmgóðar svalir til suðvesturs. Rúmgóð stofa. 2 svefnh.  
- Gott göngufæri við miðborgina. Fallegt sjávarútsýni.  
- Þvottah. innan íbúðar. Sér stæði í bilag. **33,9 millj.**



**SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRÍ SÉRH.**  
- 122,9 fm afar vel innréttuð eign auk bílskúrs.  
- Sérsmíðaðar innréttingar. Eikarparket og flísar  
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.  
- Extra háar innihurðir. Halogenlýsing. **46,9 millj.**



**HEGRANES- GARÐABÆ.**  
- 258,8 fm. einbýlishús með inng. 41,5 fm. bílskúr.  
- Frábær útsýnisstaður á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi.  
- Setu- og arinstofa. Borðstofa með útgangi á lóð. 4 herbergi.  
- Eignarlóð 1.517 að stærð. Frábær staðs. **99,0 millj.**



**RAUÐAVAÐ – REYKJAVÍK**  
- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.  
- Sérinngangur auk sér stæðis í bilageymslu.  
- Sér hellulögð verönd til suðurs.  
- Eikarinnréttingar og þvottah. innan íbúðar. **23,9 millj.**



**NORÐURBRÚ – SJÁLANDI GARÐABÆ**  
- Falleg 95,0 fm. íbúð á 2. hæð, sér geymsla í góðu lyftuhúsi.  
- Útsýnis nýtur af svölum til sjávar og að yströndinni.  
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. Tvö góð herbergi.  
- Sér stæði í bilageymslu. **29,9 millj.**



**STRAUMSALIR- KÓPAVOGI. 5 HERB.**  
- 138,2 fm. íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi.  
- 4 svefnherbergi. Um 12 fm. svalir í suðvestur.  
- Mahogny í eldhúsinnréttingu, skápum og hurðum.  
- Stórkostlegt útsýni. Stutt í skóla og leiksk. **36,9 millj.**



**HRAUNTUNGA- KÓPAVOGI.**  
- Glæsileg 214,3 fm mikið endurnýjuð eign.  
- 27,2 fm. bílskúr. 24 fm. sólskáli. 50 fm. rými innaf bílskúr.  
- Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi. Gólfslöir gluggar í stofu.  
- Húsið stendur fremst í götu. Fjögur bílast. **57,9 millj.**



**LAUGALIND 8, KÓPAVOGI. 4RA HERBERGJA ÍBÚÐ.**  
**OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00** Glæsileg 123,6 fm. 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með stóri afgirtri verönd og sér inngangi í litlu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Lindahverfinu. Rúmgott eldhús með miklum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Björt stofa með útgengi á nýlega verönd til suðurs með skjólveggjum. 3 herbergi. Hol/sjónvarpsbol. Þvottaherbergi innan íb. **Verð 34,9 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin. Íbúð merkt 0101. Magnús og Bryndís á bjöllu.**



**GRANDAVEGUR 7 – REYKJAVÍK. 3JA HERBERGJA**  
**OPIÐ HÚS Í DAG, MÁNUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00** Góð 68,8 fm. íbúð á jarðhæð. Íbúðin er í nýlegu húsi orstutt frá KR-vellinum. Íbúðin skiptist í hol, geymslu með þvottaaðstöðu, rúmgott eldhús með hvítum innréttingum, bjarta stofu, hjónah., barnaherbergi/vinnuherbergi og baðh. Útgengt er úr stofu á rúmgóðan pall til suðurs. Sameignin er öll hin snyrtilegasta með afgirtum grasfleti. **Verð 26,5 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin. Íbúð merkt 0102. Georg og Hjördís á bjöllu.**

## SÉRBÝLI



### UNDRALAND- REYKJAVÍK.

- Afar vel skipulagt 277,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.
- Mögulegt er að hafa allt að 7 svefnherbergi í húsinu.
- Samliggj. borð- og setustofa auk arinstofu. Suðursvalir út af stofu.
- Gróinn og skjólsæll staður miðsvæðis í Reykjavík.

**75,0 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### BOGAHLÍÐ 6 – REYKJAVÍK.

**OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00**

- 126,2 fm. íbúð á jarðhæð auk geymslu og bílastæðis í bílgeymslu.
- Vandaðar innréttingar og gólfefni. Opið eldhús, rúmgóð setustofa, 2 svefnherbergi.
- Íbúð merkt 0106. Sæmundur á bjöllu.

**48,5 millj.**

## SUMARBÚSTAÐIR



### SUMARHÚS Á PINGVÖLLUM, VIÐ HESTVÍK.

- Glæsilega staðsett 60,1 fm. sumarhús í Grafningi, auk tveggja geymslna, 3,8 og 3,9 fermetra og 18,4 fermetra bátaskýlis. Stendur á afar fallegri og gróinni 6.400 fm. útsýnislóð á frábærum stað við vatnið. Bátur með utanborðsmótor fylgir. Hús er mikið upprunalegt en hefur alla tíð verið mjög vel viðhaldið og er í nokkuð góðu ástandi. Lóðin er kjarri vaxin og staðsetning hússins er afar góð.

**30,0 millj.**



### ÁSBÚÐ- GARÐABÆ.

- Fallegt 306,6 fm. tvílyft einbýlishús með 68,8 fm. innbyggðum bílskúr.
- Stofur með arni. Nýlega endurnýjað eldhús. 6 herbergi.
- Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð hússins.
- Lóð nýlega endurnýjuð, visar að langstærstum hluta til suðurs.

**79,9 millj.**



### BÚSTAÐAVEGUR- REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ.

- Vel skipulögð 75,8 fm. 4ra herb. efri sérhæð í tvíbýlishúsi.
- Mögulegt væri að lyfta þaki og innrétta geymslur sem íbúðarrými.
- Hús að utan er nýlega viðgert og málað og í góðu ástandi.
- Lóð hússins er stór, sameiginleg, tjryð og með trjágróðri.

**24,9 millj.**



### SYÐRI- REYKIR, BISKUPSTUNGUM.

- 54,4 fm. sumarhús við Syðri – Reyki í Biskupstungum
- Bústaðurinn stendur á 2.880 fm. grónu eignarlandi.
- Bústaðurinn skiptist í 2 herbergi, stofu, eldhús og baðherbergi.
- Bústaðnum fylgir eignarhl. í 122,9 fm gesta- og baðhúsi.

**15,9 millj.**



### MÝRARÁS – REYKJAVÍK

- Fallegt 255,7 fm. einbýlishús að meðt. 46,5 fm. bílskúr í Seláshverfi.
- Byggt var við suðvesturhlíð hússins fyrir nokkrum árum síðan.
- Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Stofur með arni. 5 herbergi.
- Ofan á þaki viðbyggingar er útsýnisverönd /svalir.

**77,0 millj.**



### LYNGMÓAR – GARÐABÆ. 4RA – 5 HERBERGJA ÍBÚÐ.

- Mjög falleg íbúð á 2. hæð með stórkostlegu útsýni.
- Íbúðin er 104,0 fm. auk 6,3 fm. sér geymslu í kjallara og 16,2 fm. bílskúrs.
- 4 svefnherbergi eru í íbúðinni. Rúmgóð stofa.
- Íbúðin er öll nýuppgerð á vandaðan og smekklegan hátt.

**34,9 millj.**

## ATVINNUHÚSNÆÐI



### LYNGHÁLS- REYKJAVÍK.

- 641,6 fm. efri hæð. Húsnæðið er í útleigu í dag. Skiptist í afstúkaðar skrifstofur, eldhús / kaffistofur, kennslustofur, fyrirlestrarsal, opin vinnurými, rannsóknarstofu, tilraunastofu, annað stórt eldhús, salerni, ræstikompu o.fl. Er í góðu ástandi hið innra og hefur verið mikið endurnýjað og innréttað á sl. árum.

**89,0 millj.**



### VÍÐIGRUNÐ – KÓPAVOGI

- Nánast algjörlega endurnýjað 126,2 fm. einbýlishús á frábærum stað.
- Húsið hefur allt verið endurnýjað að innan á sl. árum og er í mjög góðu ástandi.
- Stór og björt stofa. Þrjú herbergi.
- Ræktuð og skjólgóð lóð. Verönd til suðurs og vesturs.

**50,0 millj.**



### VESTURGATA - REYKJAVÍK. NEÐRI SÉRHÆÐ

- Mjög falleg 142,8 fm. neðri sérhæð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi.
- Björt stofa. Nýlegt eldhús. Fjölskyldurými/sjónvarpsstofa. 2 herbergi.
- Gegnheilt parket og flísar. Sameiginlegur garður.
- Húsi og íbúð hefur verið vel við haldið.

**49,5 millj.**



### CUXHAVENGATA – HAF. SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

- Glæsilegt skrifstofuhúsnæði á 2. hæð samtals að gólfleti 63,5 fm í glæsilegu og nýlegu lyftuhúsi við höfnina í Hafnarfirði. Um er að ræða tvo aðliggjandi eignarhluta sem seljast saman eða sitt í hvoru lagi. Eignarhlutarnir eru annars vegar 28,7 fm. **5,5 millj.** og hins vegar 34,8 fm. **6,7 millj.** Lyfta er í húsinu. Lóðin er malbikuð og frágengin. Fjöldi bílastæða.



## STANGARHOLT 3

### Stangarholt 3- Reykjavík. 5 herbergja.

- **OPIÐ HÚS Í DAG, MÁNUDAG FRÁ KL. 17.30-18.00** 5 herbergja 123,6 fm. íbúð á 2. hæð miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðinni fylgir 20,4 fm. bílskúr og sér geymsla í kjallara. Íbúðin er vönduð og vel innréttað. Allar innréttingar og hurðir eru úr beyki. Flísalagðar svalir út af stofum til suðvesturs. Miklar innréttingar í eldhúsi. 3 rúmgóð herbergi.
- Verð 39,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin. Íbúð merkt 0201. Árni og Ása á bjöllu.



## ESPIGERÐI

### Espigerði – Útsýnisíbúð.

- Glæsileg og mikið endurnýjuð 133,4 fm. útsýnisíbúð á tveimur hæðum og með tvennum svölum í nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýlishúsi. Íbúðin er mikið endurnýjuð að innan, m.a. eldhúsinnrétting og tæki, gólfefni, gestasalerni o.fl. Bjartar samliggjandi stofur. Sjónvarpshol. 2-3 herbergi. Tvennar svalir til austurs og vesturs út af stofum og hjónaherbergi með gríðarlegu útsýni. Sameign hússins er nýlega endurnýjuð. Húsvörður. Verð 37,9 millj.



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali  
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali  
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali  
Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali  
Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali  
Magnús Geir Pálsson, sölumaður  
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali  
Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali  
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali  
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri  
Elin Þorleifsdóttir, ritari  
Anna M. Sigurðardóttir, ritari  
Guðrún Magnæa Arnadóttir, ritari

## MÁNATÚN 4 - GLÆSILEG ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ



**OPÍÐ HÚS**  
mánudag

